

Fundur stjórnar ÆSKP 30. apríl 2020 í gegnum Zoom

Mætt: Jóhanna Ýr, Sóley Adda, Berglind, Katrín Helga og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 10.10

Landsmót

Loksins eftir margra mánaða bið var fundur hjá bæjarstjórn á Norðurlandi og við fengum jákvæð viðbrögð. Það er verið að bíða eftir svari frá tómsundarráði um hvort að það er eitthvað annað í gangi sem skarast á við þetta, en það eru fáir jafn skipulagðir og við þegar kemur að svona stórum viðburðum.

Það er ekki vetrarfrí þessa helgi, en skólastarfinu líkur kl. 12-13 á föstudögum. Við getum látið það ganga miðað við þessa síðustu helgi í október. Þá erum helgina fyrir vetrarfrí í Reykjavík. Það getur verið að fólk noti vetrarfríið til að fara í ferðalög fyrst að það er takmarkað í sumar.

Dagsetningin er 30. okt. – 1. nóv. Halloween helgin, erum komin með vettvang fyrir grímuball.

Það er vettvangur núna til að ná krökkunum sem eru að fermast í haust á Landsmót.

Jóhanna ætlar að senda stjórn skýrsluna sem að hún vann um Landsmót í verkefni.

Haustnámskeið

Þegar hrunið var fundum við mikið fyrir því í barna- og unglिंगastarfi. Margar væntingar sem brugðust þegar foreldrar misstu vinnuna, sem hafði áhrif á krakkana. Þetta gæti haft áhrif t.d. á fermingarveislurnar, sem að gætu verið mikil vonbrigði. Það

verða ekki sömu peningar til að halda veisluna sem átti að vera í maí. Við þurfum að ræða á haustnámskeiðinu hvernig leiðtogar geta undirbúið sig andlega fyrir þetta. Við getum búist við að finna fyrir krefjandi nærveru og félagslegan vanda eftir mikla einveru og aðgerðarleysi.

Ef til vill þurfum við fleiri sameiginlegri viðburði.

Jónína talar um að við þurfum að hvetja kirkjur til að byrja störf sín fyrr.

Sumarmót

Flestir í stjórn eru sammála um að sumarmótið hér fyrir sunnan sé fallið. Það er óþægilegt að koma fólki saman á þessum tíma frá stóru svæði. Það væri líka erfitt eftir að leiðtogar hafa ekki hitt hópana sína í langan tíma. Við ættum ekki að taka áhættuna mánuði eftir að fyrstu höftum líkur.

Það er búið að fresta stærri viðburðum í sumar.

Austurlandið er spennt yfir þessu en það er allt önnur staða þar en annarstaðar á landinu. Ef að þau vilja halda sumarmót getur ÆSKP aðstoðað við það.

Gleðiganga

Gleðigangan verður ekki sem er mikill bömmur. Siggi ætlaði að vera göngustjórinn okkar.

Jónína er búin að vera að hugsa um hvað væri hægt að gera í staðin. Það væri hægt að vera með viðburði í kirkjunum viku áður en Gleðigangan ætti að vera. Þetta getur verið tækifæri að kirkjan sýni hver afstaða hennar er til samkynhneigðra.

Stjórnin þarf að brainstorma um hvað við viljum gera.

Jónína ætlar að athuga hvar hún getur keypt fána og dót.

Jónína ætlar að tjékka á vini sínum í göngustjórninni um hvað hann myndi sjá fyrir sér að kirkjan gæti gert til að sýna stuðning.

KUF verður helgina sem að Gleðigangan átti að vera.

Önnur mál

GooseChase leikurinn gekk rosalega vel. Við fengum mikil, góð viðbrögð og góða þátttöku. Jónína veit um nokkra sem að tóku þátt í leiknum en sendu ekki inn svörin, svo þátttakan var meiri en það sem við sáum.

Þarna er kominn grundvöllur til að ræða hvort að páska-GooseChase verði reglulegt hjá ÆSKP. Þetta var prufuárið og við getum gert þetta ennþá stærra næst þegar að fólk er tilbúið að fara meira út. Þá væri líka gaman að hafa verðlaun.

Fundi slitið kl. 10.53